

Guðmundi trésmið Gíslasyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 56/1906:

Sveinn Jónsson  
gegn  
Sturlu Jónssyni.

#### D ó m u r :

Hinn stefndi kaupmaður Sturla Jónsson í Reykjavík höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn áfryjandanum Sveini bónda Jónssyni á Vatnsenda til þess að fá hann dæmdan til að endurgjalda sér eftirstöðvar af veðskuld til viðlagasjóðs, er hann hafði orðið að greiða fyrir Svein að upphæð 2386 kr. 72 a., ásamt vöxtum; en áfryjandinn Sveinn Jónsson höfðaði þá gagnsök á hendur stefnda, Sturlu Jónssyni, til skaðabóta er hann krafðist að kæmu til frádráttar hinu umkrafða endurgjaldi. Var málið dæmt í nefndum rétti 6. des. f. á. með þeim úrslitum, að stefndi var syknaður af skaðabótakröfu áfryjanda, en áfryjandi dæmdur til að greiða stefnda hinar umstefndu 2386 kr. 72 a. með 3<sup>0</sup>/<sub>0</sub> vöxtum frá 13. jan. til stefnudags 23. apríl 1906 og 4<sup>0</sup>/<sub>0</sub> vöxtum frá þeim degi til borgunardags, og enn fremur málskostnað með 40 kr.

Dómi þessum hefir áfryjandinn skotið til yfirdóms-  
 áns með stefnu, útg. 24. desbr. f. á., og hefir hann  
 krafist þess, að dóminum verði hrundið og breytt þannig,  
 að stefndi verði dæmdur til að greiða sér í skaðabætur  
 2000 kr. eða aðra hæfilega upphæð eftir mati 4 óvil-  
 hallra dómkvaddra manna, en til vara hefir hann krafist  
 þess, að alt málið að vitnaleiðslunni í Reykjavík undan-  
 tekinni og 2 fyrstu réttarhöldunum í því, verði ómerkt  
 dæmt, og hvernig sem málið fer, að stefndi verði dæmd-  
 ur til að greiða allan málskostnað fyrir undir- og yfir-  
 rétti. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að  
 dómurinn verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður  
 fyrir yfirdómi hjá áfryjanda eftir mati réttarins.

Eitt þinghaldið í málinu var haldið utan sýslunnar,  
 í Reykjavík, og hefir áfryjandi talið þetta sem ástæðu fyrir  
 þeirri kröfu sinni, að málsmeðferðin og dómurinn verði  
 ómerkt. En þar sem þetta var gjört eftir beinni ósk  
 beggja mál aðila og samkvæmt sérstakri ályktun réttar-  
 ins, er ekki ástæða til að ómerkja málsmeðferðina að  
 neinu leyti fyrir þessi afbrigði, hvorki ex officio eða  
 eftir varakröfu áfryjanda.

Að því er málsefnið sjálft áhrærir, þá er það svo  
 vaxið, að samkvæmt eignaskifta- og sölusamningi 2. apríl  
 1902 keypti áfryjandi af stefnda þilskipið »Fram« og  
 tók jafnframt að sér að greiða veðskuld er á því hvíldi  
 til viðlagasjóðs samkvæmt veðbréfi dags. 13. jan. 1899,  
 að upphæð 5000 kr. Áfryjandi greiddi fyrstu 2 afborg-  
 anir lánsins 2000 kr., en árið 1905 var skipið selt og  
 rífið og vantaði þá til þess að viðlagasjóður fengi skuld  
 sína borgaða 2317 kr. 20 a., sem stefndi sem hinn upp-  
 runalegi skuldunautur viðlagasjóðs var krafinn um borg-

un á og greiddi síðan 13. jan. 1906 að viðbættum vöxtum af skuldinni til þess dags, eða alls 2386 kr. 72 a. Þessa upphæð hefir áfrýjandi með hinum áfrýjaða dómi verið dæmdur til að endurgjalda stefnda, ásamt vöxtum svo sem fyr greinir, og kemur ekki til álita breyting á þessu ákvæði dómsins, eins og málið liggur fyrir yfirdóminum. Það er að eins krafan í gagnsóknarmálinu fyrir undirrætti um skaðabætur, sem haldið er fram af áfrýjanda fyrir yfirdóminum. Í því tilliti byggir áfrýjandi á því, að stefndi hafi lýst skipinu fyrir honum, er hann keypti það, svo að það hafi verið íslegið (diktað) tveimur árum áður, en sú frásögn hafi reynst ekki rétt og hafi skipið verið miklu minna virði fyrir bragðið og jafnvel ónýzt sér fyrir þessa röngu sögusögn stefnda.

Í sölusamningnum er þó skipið selt í því ástandi sem það var þá í, og stefndi fullyrðir, að áfrýjandi hafi keypt það eftir að hafa skoðað það eða látið skoða. Hann neitar því og að hann hafi lýst skipinu svo sem áfrýjandi segir að hann hafi gjört, og áfrýjanda hefir eigi tekist að sanna þá skýrslu sína á lögfullan hátt. Áfrýjandi tók einnig við skipinu og notaði það árum saman og seldi öðrum hluti í því með sér og borgaði afborganir af veðskuldinni er á því hvíldi, án þess að hreyfa nokkrum aðfinslum út af skipinu eða ásigkomulagi þess, fyr en buið var að rífa það og að því kom að greiða skuld þá er mál þetta var höfðað út af.

Það verður því eigi álitid, að krafa hans til skaðabóta hjá stefnda fyrir galla á skipinu verði tekin til greina og ber að staðfesta gestaréttardóminn að öllu leyti, einnig málskostnaðarákvæði hans. Áfrýjanda ber eftir þessum úrslitum málsins að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi sem ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfryjandi Sveinn Jónsson greiði stefnda Sturlu kaupmanni Jónssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dómi þessur ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 29. júlímán.

Nr. 17/1907:

Hið opinbera  
gegn

Halldóri Hávarðssyni.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað af hálfu valdstjórnarinnar fyrir lögreglurétti Ísafjarðarsýslu gegn hinum kærða Halldóri kaupmanni Hávarðssyni í Bolungarvík fyrir brot á 1., 5. og 6. gr. laga 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja, og var það dæmt af nefndum rétti 18. febrúar þ. á. á þá leið, að kærði á fyrir brot gegn 1. og 6. gr. nefndra laga að greiða sekt til Hólshrepps, 120 kr., er afplánist með 35 daga einföldu fangelsi; svo voru þeir áfengir drykkir, er kynnu að finnast hjá ákærða, dæmdir upptækir, og honum var með dóminum gjört að greiða allan kostnað sakarinnar. En þessum lögregluréttardómi hefir verið áfryjað til yfirdómsins eftir kröfu hins kærða.